



Leiðbeiningar og umhirða

Heyrnartækinu fylgja upplýsingar um hvernig best er að hugsa um það. Lestu leiðbeiningarnar vel svo þú fáir sem mest út úr tækinu þínu.

Önnur hjálpartæki

Hjá Heyrnar- og talmeinstöðinni er hægt að fá ýmisleg hjálpartæki við heyrnartækin sem geta hjálpað þér enn meira. Þetta eru tæki eins og **tónmösquar** sem hægt er að nota þegar horft er á sjónvarp eða hlustað á útvarp, **vekjaraflukkur með titrara** og ýmis önnur tæki. Starfsfólk veitir þér nánari upplýsingar um hvaða tæki gætu hentað þér og hvort þau fást niðurgreidd.



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Sími: 581 3855
Bréfasími: 568 0055
Netfang: hti@hti.is
www.hti.is



Heyrnarskerðing



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands



Hönnuð: ÞR (ÞR er) • Þróun: Svanaprent

Heyrnarskerðing



Heyrnarskerðing á sér oftast stað á löngu tímabili. Það verður æ erfiðara að heyra lág hljóð og einnig verður erfiðara að heyra í umhverfi þar sem mikil umhverfishljóð eru. Það getur orðið erfitt að greina talað mál. Maður heyrir en á í erfiðleikum með að greina það sem sagt er.

Heyrnarskerðing getur leitt af sér einangrun þar sem sá heyrnarskerti fer að forðast umhverfi og aðstæður þar sem hann á erfitt með að heyra. Heyrnarskerðing er sjaldnast hægt að lækna en heyrnartæki geta komið að gagni og létt manni lífið.

Aðlögunartími

Það getur tekið nokkurn tíma að venjast því að vera með heyrnartæki. Því skiptir miklu máli að gera sér grein fyrir því í byrjun að það er fyrirhöfn að byrja að nota heyrnartæki. Það krefst bæði vinnu og þolinmæði; bæði fyrir þann sem notar tækið og ekki síður fyrir þá sem hann umgengst daglega.



Þegar einstaklingur hefur fengið heyrnartæki fer hann að heyra aftur ýmis hljóð sem hann var hættur að heyra eða hefur jafnvel aldrei heyrt áður. Heyrnartækið magnar upp bæði þau hljóð sem við viljum heyra en líka þau sem við oft og tíðum viljum ekki heyra. Það að heyra eigin rödd með heyrnartækjum eru mikil viðbrigði fyrir þann sem er að byrja að nota heyrnartæki í fyrsta sinn. Það venst fljótt. Mikilvægt er að reyna markvisst að nota tækið allan daginn við allar aðstæður.

Heyrnartæki

Heyrnartæki eru til í mismunandi stærð, útliti og styrkleika. Það er innihald heyrnartækjanna en ekki útlit sem skiptir mestu máli. Flest heyrnartæki eru stafræn en einnig er hægt að fá línuleg tæki. Stafrænu tækin eru stillt í tölvu eftir heyrn hvers og eins. Mestu máli skiptir að finna rétt heyrnartæki fyrir hvern einstakling. Nokkur atriði eru sameiginleg öllum heyrnartækjum óháð framleiðanda eða hvort þau eru stafræn eða línuleg. Þannig eru eftirtaldir hlutir í öllum heyrnartækjum:



- ✓ Hljóðnemi sem nemur hljóðið
- ✓ Magnari sem magnar upp hljóðið
- ✓ Móttakari sem tekur við uppmögnum hljóðum og flytur þau inn í eyrað
- ✓ Rafhlaða



Sumir vilja sjálfir geta stýrt hversu hátt þeir heyra meðan öðrum hentar betur að vera með tæki sem lagar sig að hljóðum í umhverfinu hverju sinni. Það fer því eftir heyrn hvers og eins og einnig getur lögum eyrans haft nokkuð um það að segja hvers konar heyrnartæki hentar best. Heyrnartæki getur aldrei komið í staðinn fyrir þá heyrn sem við höfðum áður en það getur í flestum tilfellum létt okkur lífið.



Hafðu samband

Ef þér gengur erfiðlega að venjast tækinu hafðu þá samband við heyrnarfræðing og ræddu við hann um hvað þér finnst að. Einnig getur verið nauðsynlegt að prófa einhverja aðra tegund af tæki.

Heyrnartæki sem keypt eru hjá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands eru öll með fjögurra vikna skilárétti. Þó er ekki hægt að endurgreiða skeljar eða hlustarstykki þar sem þau eru smíðuð eftir eyra hvers og eins.

Samskipti eru samvinna

Heyrnartæki nýtast best í samtölum við einstaklinga þar sem ekki er mikill annar hávaði. Þá getur tækið einnig nýst vel við að horfa á sjónvarp og hlusta á útvarp. Þegar þú færð heyrnartæki í fyrsta sinn er gott að láta vini og vandamenn vita að nú sért þú búin(n) að fá heyrnartæki og því þurfi ekki að hækka róminn þegar talað er til þín. Sjónin er mikilvægur stuðningur fyrir þá sem eru heyrnarskerti og því skiptir miklu máli að snúa andlitinu að fólki þegar talað er við það og þess gætt að birta sé góð þar sem talað er saman.

Æfingin skapar meistarann. Vertu því dugleg(ur) við að nota tækið við mismunandi aðstæður. Farðu út að ganga og hlustaðu á hljóðin í náttúrunni. Æfðu þig í að lesa upphátt. Smátt og smátt finnurðu við hvaða aðstæður tækið getur hjálpað þér að heyra betur.

